

HAFNARFJÖRÐUR

Fornleifaskráning vegna breytinga á deiluskipulagi í Kinnum

Viðbót við skýrslu Atla Rúnarssonar frá árinu 2018



Heiðrún Eva Konráðsdóttir

**Byggðasafn Hafnarfjarðar 2020
Fornleifaskráning**

Efnisyfirlit

Tilgangur fornleifaskráningar	1
Sögulegt yfirlit.....	2
Fornleifaskráning	2
Niðurstöður.....	2
Kort af svæðinu	3
Heimildir	4

Inngangur

Vegna breytinga á deiliskipulagi í Kinnahverfi Hafnarfjarðar var fornleifaskráning framkvæmd á skipulagssvæðinu að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar. Nánast allt svæðið var skráð af Atla Rúnarssyni árið 2018 en lítill hluti svæðisins var eftir. Þessi skýrsla er því viðbót við skýrslu Atla Rúnarssonar frá 2018.

Nýja deiliskipulagið felur í sér breytingar á byggingareitum fyrir bílskúra og viðbyggingar, með það að markmiði að auðvelda framkvæmd, skapa möguleika á tengingu bílgeymslna við núverandi hús og komast sem mest hjá skuggavarpí á mikilvæg útiverusvæði á lóðum.

Árið 1998 framkvæmdu Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir fornleifaskráningu fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands í landi Hafnarfjarðar.

Árið 2001 skráði Oddgeir Hansson svæðið: *Fornleifakönnun við Reykjanesbraut. Fornleifastofnun Íslands. 2001.* vegna tilfærslu vegarstæðis Reykjanesbrautar.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir gekk svæðið 2. janúar 2020. Skýrslan fékk verkefnanúmerið 2086 hjá Minjastofnun Íslands.

Tilgangur fornleifaskráningar

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra. Samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar fornleifar á framkvæmdasvæðinu sem og annarsstaðar, þ.e. þær minjar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Ennfremur segir í lögnum:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.¹

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og

¹ Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsókna gjarnan eftir aldri fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Sögulegt yfirlit

Umrætt skipulagssvæði liggur á landi Hamarskots, einni af fornu jörðunum í Hafnarfirði. Elsta heimild um Hamarskot er frá 1579 og segir hún að jörðin hafi fyrir all löngu verið komin í eign Garðakirkju.²

Í Jarðabóka Árna og Páls 1703 er jarðardýrleiki Hamarskots óviss vegna þessa að jörðin tíundast engum, en er í eigu Garðakirkju.³

Jörðin fær númerið 172 í Jarðatali Johnsens 1847. Þar segir að jörðin sé Garðakirkjueign, að landskuld sé 0,4, kúgildi eitt og leiguliði einn.⁴

Í bókinni *Bær í byrjun aldar* segir Magnús Jónsson frá því að öll ummerki Hamarskots séu horfin um aldamótin 1900.⁵ Enn sjást þó þústir í túninu, líklega af útihúsunum.

Hafnarfjarðarbær keypti jörðina árið 1912 að undanskildu Hamarskotstúni innan girðingar og Undirhamarkotstúnbletti.⁶

Ekki er til túnakort af Hamarskoti.

Fornleifaskráning

Ekkert fannst við vettvangsathugun 2. janúar 2020 og engar heimildir eru um fornleifar á skipulagssvæðinu. Rétt utan við skipulagssvæðið er heimild er um leið er lá frá Hamrinum og upp á Öldur, samanber skráningu Oddgeirs Hanssonar frá árinu 2001, GK-172:029.7 Leiðin er ekki sýnileg lengur en líklegt er að hún hafi verið u.þ.b. þar sem Öldugatan liggur nú. „Austan við Hamarinn lágu götutroðningar nafnlausir upp á Öldur, þar voru melar og rofabörð suður eftir. Syðstu börðin nefndust Hvíldarbörð.“⁸

Niðurstöður

Ekkert fannst við vettvangsathugun í janúar 2020 og engar heimildir eru um fornleifar á skipulagssvæðinu. Rétt utan við svæðið er heimild er um leið, samanber skráningu Oddgeirs Hanssonar frá árinu 2001.⁹ Leiðin er ekki sýnileg lengur en líklegt er að hún hafi verið u.þ.b. þar sem Öldugatan liggur nú. „Austan við Hamarinn lágu götutroðningar nafnlausir upp á Öldur, þar voru melar og rofabörð suður eftir. Syðstu börðin nefndust Hvíldarbörð.“¹⁰

² Ö-Hamarskot

³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). Bls. 174-175.

⁴ J. Johnsen. (1847). Bls. 92.

⁵ Magnús Jónsson. (1967). Bls. 23-24.

⁶ Ásgeir Guðmundsson. (1983). Bls. 104.

⁷ Oddgeir Hansson. (2001). Bls. 5.

⁸ Oddgeir Hansson. (2001). Bls. 5.

⁹ Oddgeir Hansson. (2001). Bls. 5.

¹⁰ Oddgeir Hansson. (2001). Bls. 5.

Kort af svæðinu

Bláa svæðið er viðbót fornleifaskráningar 2020, innan rauða rammans er fornleifaskráning Atla Rúnarssonar frá 2018. Punkturinn á kortinu er ónákvæm staðsetning fyrir heimild um leið.



Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Ásgeir Guðmundsson. (1983). *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983*. Hafnarfjörður: Prentsmiðja Hafnarfjarðar h.f.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Magnús Jónsson. (1967). *Bær í byrjun aldar*. Hafnarfjörður: Magnús Jónsson.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

Oddgeir Hansson. (2001). *Fornleifakönnun við Reykjanesbraut*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Hamarskot: Örnefni í Hamarskoti.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.